

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028

Félagið Femínísk fjármál fagnar þeim framförum sem orðið hafa síðustu ár við útgáfu fjármálaáætlunar, þegar kemur að því að greina og skýra áhrif aðgerða áætlunarinnar á kynjajafnrétti. Það stuðlar að gagnsæi og vandaðri og skilvirkari ákvarðanatöku. Greining á jafnréttisáhrifum eru nú samþætt við málefnasvið áætlunarinnar, er það mikilvægt skref sem ber vott um vönduð vinnubrögð. Einnig er greint frá helstu breytingum á rammasettum útgjöldum á tímabili áætlunarinnar og er í flestum tilvikum greint frá áhrifum þess á jafnrétti kynjanna. Vonbrigði eru þó að enn er óbætt framkvæmdin á jafnréttismati í málaflokkum samgangna og nýsköpunar. Í umfjöllun um útgjöld til samgöngumála segir: „Ekki liggur fyrir mat á áhrifum einstaka samgönguverkefna á jafnrétti til lengri tíma litið en æskilegt væri að gera slíkt mat svo tryggja megi að verkefnin hafi sem jákvæðust áhrif á jafnrétti.“ Innviðaráðuneytið þarf að skuldbinda sig til að gera betur í greiningu á áhrifum samgönguverkefna á jafnrétti í viðtækum skilningi. [Fyrirliggjandi þekking](#) sýnir að ærið tilefni er til að forgangsraða í þágu jafnréttis.

Félagið sér skylt að benda á að í frumvarpinu ber á ákveðinni aftengingu milli greiningar á áhrifum frumvarpsins á kynjajafnrétti og þeim markmiðum og aðgerðum sem sett eru fram. Greiningar um áhrif aðgerða á jafnrétti og stöðu kynja og jaðarsettra hópa gegna ekki eingöngu því hlutverki að varpa ljósi á stöðuna, heldur er tilgangur greininga að hægt sé að bregðast við stöðunni og grípa til aðgerða til að stuðla að jafnrétti. **Femínísk fjármál kallar eftir því að stjórnvöld setji fram í fjármálaáætlun fjölbættar aðgerðir til bregðast við helstu áskorunum sem eru til staðar í jafnréttismálum**, líkt og þeim sem fjallað er um í stöðuskýrslu forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra yfir kortlagningu kynjasjónarmiða árið 2022. Þessar áskoranir eru m.a. kynbundið launamisrétti, kynskiptur vinnumarkaður, ójöfn umönnunarábyrgð kynjanna og heilsubrestur kvenna. Í ljósi þess að kynjajafnrétti hefur ekki verið náð, þá þurfa stjórnvöld að beita sér fyrir því að stuðla að jafnrétti og jöfnuði með kynjaðri fjárlagagerð.

Í kynningu á fjármálaáætlun 2024-2028 var aðgerðum til að bregðast við áskorunum vegna breyttra aðstæðna í heimsbúskapnum og efnahagslífinu skipt upp í þrjá meginflokkka. Félagið Femínísk fjármál vill koma á framfæri hvernig aðgerðir og aðgerðarleysi stjórnvalda í þessum meginflokkum viðhalda misrétti í íslensku samfélagi.

Spornað gegn verðbólgu

Stærsta verkefnið sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir á tímabili áætlunarinnar er að ná niður verðbólgu, sem enn er nær tíu prósent. Félagið Femínísk fjármál vill leggja áherslu á mikilvægi þess að ná niður verðbólgu en lýsir á sama tíma yfir áhyggjum af ómarkvissum og óútfærðum áætlunum um slíkt. Vitað er að tekjulægri einstaklingar geta síður varið sig gegn neikvæðum áhrifum verðbólgu, en konur eru í meirihluta í neðstu fimm tekjutíundunum. Eins sýna síðustu verðbólguælingar að dagvara hefur hækkað umfram almenna verðbólgu og hefur það kynjuð áhrif, en rannsóknir sýna að konur eru líklegri til að sinna og greiða matarinnkaup fjölskyldna. **Mikilvægt er við þessar aðstæður að styrkja tilfærslukerfin og með þeim styðja við hópa sem geta síst mætt áhrifum hærri verðbólgu.**

Almenn aðhaldskrafa er tvöfölduð, úr 1% í 2%, með að það markmiði að stuðla að stöðugleika. Aðhaldskrafa er sett á skóla, eða 0,5%, sem félagið leggst eindregið gegn en mikilvægt er að styðja við íslenskt menntakerfi til að tryggja aðgengi fjölbreytts hóps nemenda að námi og til að takast á við þær áskoranir sem starfsfólk þess stendur frammi fyrir. Jafnframt er lögregla undanskilin aðhaldskröfu á árunum 2024-2025 og fangelsi, heilbrigðis- og öldrunarstofnanir og almanna- og sjúkratrygginga eru undanskilin út áætlunartímabilið. Verndun velferðarþjónustu er mikilvæg en félagið Fémínísk fjármál lýsir þó yfir áhyggjum af skorti á aðgerðum sem snúa að því að bæta aðbúnað og það mikla álag sem margar kvennastéttir starfa undir, t.d. í heilbrigðiskerfinu. Mikil áhersla er lögð á uppbyggingu Nýs Landsspítala í áætluninni, en framkvæmdin kemur ekki til með að leysa þann vanda sem til staðar er að fullu. Bæta þarf í fjárveitingar til að leysa þann mannekluvanda, álag og aðbúnað sem myndast hefur í heilbrigðiskerfinu á síðustu árum. **Hér á landi er skortur á heilbrigðisstarfsfólki og er mönnun heilbrigðisþjónustunnar forsenda þess að hægt sé að veita örugga og skilvirka heilbrigðisþjónustu.**

Í fjármálaáætluninni kemur fram að „eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda á næstu árum verður að bregðast við vaxandi þörf fyrir heilbrigðis- og öldrunarþjónustu fyrir aldraða.“ Aðgerðir til að bregðast við þessu mikilvæga verkefni eru algjörlega fjarverandi. Í ljósi þessa, sem og markmiða um að minnka nýgengni örorku, er **skynsamlegt fyrir stjórnvöld að fjárfesta í aðgerðum sem geta komið í veg fyrir brotthvarf kvenna af vinnumarkaði langt fyrir aldur fram.** Það felur m.a í sér:

- bæta aðbúnað stórra kvennastétta, s.s. í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og menntamálum;
- jafna umönnunarábyrgð foreldra með aðgerðum sem ýta undir jafna verkaskiptingu kynjanna, s.s. með því að brúa umönnunarbíl foreldra í samvinnu við sveitarfélög,
- uppræta kynbundið ofbeldi með aðgerðum sem ráðast á rót vandans.

Þrátt fyrir að aðgerðir til að bregðast við þessu geti verið kostnaðarsamar þá munu þær ekki aðeins leiða til jákvæðra breytinga á heilsu, velferð og þátttöku stórra kvennastétta í samfélaginu, heldur einnig á starfsemi þar sem þessar stéttir starfa. Auk þess munu þessar aðgerðir leiða til jákvæðra efnahagslegra áhrifa til lengri tíma lítið, s.s. aukinna tekna ríkissjóðs vegna aukinnar atvinnuþátttöku og minni útgjalda vegna almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu.

Lífskjör varin

Í fjármálaáætlun er tönnlast á því að kaupmáttur fólks hafi aukist verulega undanfarin ár, en lítið minnst á þá staðreynd að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi rýrnað árið 2022. Það er rétt að kaupmáttur fólks hafi hækkað í Covid-faraldrinum, ólíkt því sem gerðist víða í kringum okkur, en bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands sýna að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna dróst saman um það sem nemur 1,7% í fyrra, í fyrsta skipti í 10 ár.

Í áætluninni kemur fram að kaupmáttur launa meðal lægst launuðu stétta á almennum vinnumarkaði hafi aukist árið 2022, þrátt fyrir aukna verðbólgu. Þar er vísað til launa verkafólks á almennum vinnumarkaði sem að stórum hluta undirritaði kjarasamninga í lok árs 2022 og kemur inn sem töluverð hækkun inn í desembermælingu launavísitölunnar. Hér er rétt að minna á að kaupmáttur launa byggir á launavísitölu og vísitölu neysluverðs, og hækkar þegar laun hækka umfram verðlag. Kaupmáttur launa er annað en kaupmáttur ráðstöfunartekna. Þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna er reiknaður er tekið tillit til heildarlauna, annarra tekna og tilfærslna, líkt og barna- og vaxtabóta, að frádregnum sköttum. Það væri

Því nær að ríkisstjórnin fjallaði um kaupmátt ráðstöfunartekna, en á því sviði geta þau raunverulega haft áhrif. **Brýnt er að bregðast við kaupmáttarrýrnun ráðstöfunartekna, en aðgerðir sem koma til með að verja kaupmátt fólks eru annars vegar að draga hratt úr verðbólgu og hins vegar að styrkja tilfærslukerfin.**

Byggt undir vöxt

Til að byggja undir vöxt leggur ríkisstjórnin áherslu á öflugt atvinnulíf, sérstaklega nýsköpun, ferðaþjónustu og aðrar útflutningsgreinar, s.s. ál og sjávarafurðir. Auk þess er stefnt að því að styrkja háskóla og verknám, þar sem „verður sótt fram í heilbrigðisvísindum og STEAM-greinum“. Áherslur stjórnvalda, bæði hvað varðar atvinnugreinar, rannsóknir og menntun, hafa kynjaða slagsíðu þar sem framlögum er beint í hefðbundna karllæga geira og fræðasvið. Jafnframt verður íslenskt samfélag og atvinnulíf af tækifærum og ávinningi ef horft er aðeins til þróings og einsleits hóps fólks sem uppsprettu ný- og þekkingarsköpunar.

Félagið Femínísk fjármál vill sérstaklega benda á kynjamisrétti í áherslum stjórnvalda í áherslum á nýsköpun, en áætlaðir eru 75 ma. kr. í styrki til nýsköpunarfyrirtækja og 40 ma. kr. til samkeppnisjóða á tímabilinu. Í áætluninni kemur fram að óbreytt stuðningsumhverfi er líklegt til að viðhalda ójafnri stöðu kynjanna á málefnasviðinu og jafnvel skekkja hana enn frekar. Bróðurpartur framlaga á þessu sviði rennur til verkefna leidd af körlum og er mikill kynjamunur, konum í óhag, á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar, greiðslum úr samkeppnisjóðum og úr kvikmyndasjóði. Þrátt fyrir að þessi greining liggi fyrir skortir tillögur um hvernig eigi að bregðast við þessu til að jafna leikinn. Aðeins er minnst á að tækifæri séu í því fólgin að auka sókn kvenna í nýsköpun í þau verkfæri sem stuðningskerfi bjóða upp á og höfða betur til annarra minnihlutahópa í nýsköpun, s.s. frumkvöðla á landsbyggðinni og af erlendum uppruna - án þess að farið sé nánar út í það hvernig eigi að grípa þau tækifæri og hvað eigi að gera til að bæta stöðuna. Stjórnvöld þurfa að stíga enn fastar til jarðar til að leiðrétta kynjahallann. Femínísk fjármál ítreka að kynjuð slagsíða er ríkjandi í hugmyndum og viðmiðum um hvað telst vera nýsköpun og því falla verkefni leidd af konum oft ekki innan þeirra ramma sem settir eru. Endurskoða þarf hugmyndir og viðmið um skipulag og úthlutun styrkja úr sjóðum ríkisins. Stjórnvöld þurfa að höfða betur til áhugasviðs, styrkleika og sérstöðu kvenfrumkvöðla og frumkvöðla með fjölbreyttan bakgrunn. Endurskoða þarf hvaða greinar eru styrkhæfar og gera þarf betur í þeim geirum þar sem konur eru í meirihluta s.s. í ýmsum samfélagsmálum, menntunargeiranum og heilbrigðiskerfinu. Þess má geta að víða er verið að ráðast í sértækar aðgerðir til að stuðla að aukinni þátttöku kvenna og annarra minnihlutahópa í nýsköpun. Evrópska nýsköpunarráðið starfrækir m.a. sjóð sem styrkir framúrskarandi verkefni leidd af konum og mun fara af stað með tilraunaverkefni til að styðja nýsköpunarfyrirtæki kvenna. **Ef stjórnvöld vilja ná markvissari árangri í að auka margbreytni hagkerfisins og byggja fjölbreyttari stoðir undir íslenskt atvinnulíf og mynda þannig grundvöll efnahagslegrar velgengni þá þurfa áætlanir um auknar fjárfestingar í nýsköpun að byggja á kynja- og jafnréttissjónarmiðum.** Slíkar ákvarðanir yrðu einnig farsælt skref í átt að auknu jafnrétti og réttlæti í íslensku samfélagi.

Kerfislæg áhætta fyrir ríkissjóð

Í umfjöllun um markmið sem stuðla að jafnrétti er fjallað sérstaklega um kynbundinn launamun og þar er tekið fram að jafnlaunavottun sé mikilvægt tæki til þess og að stefnt sé að því að margfalda fjölda fyrirtækja með slíka vottun. Það ætti þó ekki að hafa farið fram hjá stjórnvöldum að [nýleg rannsókn](#) leiðir í ljós að jafnlaunavottun hafi ekki haft bein áhrif á launamun kynjanna. Í rannsókninni er bent á úrbætur

sem gera þarf til að jafnlaunavottun nái markmiðum sínum og lúta að samræmingu vinnulags við vottunarferlið. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í lok árs 2022 en stjórnvöld hafa ekki enn brugðist við ábendingunum sem þar koma fram. Á meðan ekkert er aðhafst varðandi ágallana á verkfærinu, mun það ekki vera eins mikilvægt tæki til að ná fram launajafnrétti eins og stjórnvöld halda fram í fjármálaáætlun.

Kynbundið launamisrétti má rekja að miklu leyti til kynbundinnar skiptingar í störf og atvinnugreinar. Í jafnlaunaákvæði jafnréttis laga, sem tók í gildi árið 2021, er kveðið á um að konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns skulu greidd laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Jafnvirðisnálgun jafnlaunaákvæðisins felur í sér þörf á að leiðrétta virðismat hefðbundinna kvennastarfa. Femínísk fjármál fagna störfum aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði, sem skipaður var haustið 2021 og starfar til ársloka 2023, en á sama tíma lýsir félagið yfir áhyggjum sínum um fjármögnun þeirra aðgerða sem óhjákvæmilegt mun þurfa að ráðast í ef leiðrétta á virðismat kvennastarfa. Femínísk fjármál hefðu viljað sjá þess ítarlegri merki í fjármálaáætlun að stjórnvöld undirbúi þá aðgerð sem framundan er, með tilliti til tekjuöflunar. Alþjóðleg þróun og dómaframkvæmd hvað varðar ákvæði sem byggja á jafnvirðisnálguninni benda til þess að fyrirhyggjuleysi skapi kerfislæga áhættu fyrir ríkissjóð. Kostnaðurinn vegna afturvirkar launaleiðréttingar ef til dómsmáls kæmi, sem ríkið ætti á hættu að tapa, gæti numið milljörðum króna fyrir ríkissjóð, sbr. niðurstöður dómsmáls í Nýja-Sjálandi árið 2013 sem leiddi til 14-49% launaleiðréttingu heillrar starfstéttar og nam kostnaður u.þ.b. 180 ma. kr. **Það er ekki aðeins skynsamleg efnahagsstjórnun að ráðast strax í aðgerðir til að leiðrétta verðmætamat kvennastarfa, heldur einnig réttlætismál að atvinnurekendur hætti að veita sjálfum sér afslátt við launasetningu kvenna eins og viðgengist hefur áratugum saman.**

Aukin tekjuöflun

Félagið Femínísk fjármál bendir á að til að sporna við verðbólgu og á sama tíma ráðast í aðgerðir sem hafa mikið gildi fyrir jafnrétti og samfélagslega velferð, þurfa stjórnvöld að sækja frekari tekjur fyrir ríkissjóð. Í fjármálaáætluninni er lagt til að auka gjaldtöku í ferðaþjónustu og af fiskeldi og sjávarútvegi, tillögur sem eru enn óútfærðar. Gífurleg tækifæri eru í hækun gjalda af fiskeldi og sjávarútvegi, en mörg fyrirtæki í þeim geirum hafa hingað til greitt of lítið fyrir notkun á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Jafnframt verða stjórnvöld af tækifærum til aukinnar tekjuöflunar, sem leiðtogar tveggja ríkisstjórnarflokka hafa talað fyrir, svo sem með [hvalrekaskatti](#) og [hækkun skatta á fjármagnstekjur](#).

Að lokum vill félagið benda á að umsagnarbeiðnum vegna fjármálaáætlunar fækkaði talsvert milli ára og voru það oftast félagasamtök sem duttu út af lista yfir þau sem fengu umsagnarbeiðnir. Félagið hvetur fjárlaganefnd til að kalla eftir fjölbreyttum sjónarmiðum við framlagningu fjármálaáætlunar og frumvarps til fjárlaga. Umsagnarbeiðnir eru hvetjandi fyrir félög til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, burtséð frá því hvort að við þeim sé brugðist. Þannig er hægt að ýta undir lýðræðislega umræðu og fá fram fjölbreytt sjónarmið við stefnumótun og ákvarðatöku stjórnvalda.

Virðingarfyllst,
stjórn félagsins Femínísk fjármál